

Verklagsreglur Reykhólahrepps vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags

Reglur taka gildi 1. Janúar 2020

Reykhólahreppur vinnur samkvæmt viðmiðunarreglum sambands sveitarfélaga vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags og fer um meðferð umsókna samkvæmt þeim sé annað ekki tekið fram hér að neðan. (Viðmiðunarreglur fylgja sem fylgiskjal)

Alla jafnan skal miða við að námsvist sé tímabundin, þ.e. miða skal við 6 mánaða dvöl með möguleika á framlengingu um 6 mánuði.

Heimilt er að taka tillit til námsdvalar forráðamanns utan lögheimilissveitarfélags og sérstakra aðstæðna við búferlaflutninga. Þá skulu eftirfarandi gögn fylgja umsókninni:

- a) Greinagerð um ástæður þess að óskað er eftir leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags og til hve langs tíma.
- b) Staðfesting frá skóla þar sem forráðamaður sækir nám.
- c) Yfirlýsing frá viðtökusveitarfélagi þar sem leikskóladvöl viðkomandi barns er samþykkt.

Umsókn um kostnaðarþáttöku Reykhólahrepps vegna tímabundinnar leikskóladvalar barns í öðru sveitarfélagi skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókninni:

- a) Greinagerð um ástæður þess að óskað er eftir leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags og til hve langs tíma.
- b) Yfirlýsing frá viðtökusveitarfélagi þar sem leikskóladvöl viðkomandi barns er samþykkt.

Umsóknum skal vísað til mennta- og menningamálanefndar Reykhólahrepps.

Reglur samþykktar í sveitarstjórn Reykhólahrepps 12. Desember 2019

Viðmiðunarreglur vegna leikskóladvallar utan lögheimilissveitarfélags

1. gr.

Reglur þessar eiga eingöngu við þegar börn eru vistuð í leikskóla í öðru sveitarfélagi en lögheimilissveitarfélagi. Sveitarfélögum er í sjálfsvald sett hvort þau kjósa að nýta þessar viðmiðanir eða hafa þær til sliðsjónar við saminga sín á milli um tímabundna dvöl barns í leikskóla utan lögheimilissveitarfélags.

Ef sveitarfélag tekur að sér með reglubundnum hætti að vista börn annars sveitarfélags eða ef börn annarra sveitarfélaga eru vistuð með reglubundnum hætti í tilteknum leikskóla skal sérstaklega samið um greiðslur vegna þess á milli sveitarfélaganna.

Gera má ráð fyrir að ósk um leikskóladvöl fyrir barn utan lögheimilissveitarfélags stafi einkum af eftirfarandi ástæðum:

- barn flytur í annað sveitarfélag en foreldri óskar eftir því að barnið sækji tímabundið leikskóla í sveitarfélagi þar sem það átti lögheimili fyrir flutning.
- barn, sem vegna náms eða þingmennsku foreldra fjarri lögheimili, þarf á leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi að halda. (sbr. 1 og 4. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990)
- barni er ráðstafað tímabundið á fósturheimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

2. gr.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, hér eftir nefnt lögheimilissveitarfélag. Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni leikskóladvöl fyrir barnið í öðru sveitarfélagi, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag, skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknarinnar.

Hljóti umsóknin jákvæða afgreiðslu ber foreldri að óska eftir samþykki lögheimilissveitarfélags fyrir kostnaðarþátttöku vegna leikskóladvallar.

Sé umsókn synjað skal umsækjanda svarað sem fyrst og ástæður synjunar tilteknar.

3. gr.

Þegar heimild er veitt, skv. 2. grein, til tímabundinnar leikskóladvallar utan lögheimilissveitarfélags, skal semja um greiðslur vegna hennar. Samband íslenskra sveitarfélaga ákveður sérstaka viðmiðunargjaldskrá sem endurskoðuð er árlega og fylgir hún reglum þessum. Greiðslur vegna leikskólakostnaðar skulu inntar af hendi mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði sem barn er í leikskóla nema sveitarfélög semji sérstaklega um að hafa annan hátt á.

4. gr.

Í samskiptum sveitarfélaga vegna umsókna sbr. 1. gr. skal það vera meginregla að skoða beiðni um leikskólavist frá öðru sveitarfélagi með sömu fyrirvörum og eiga almennt við um íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu.

5. gr.

Komi upp ágreiningur um leikskóladvöl barns, þ.m.t. greiðslur vegna leikskóladvallar, sem sveitarfélög geta ekki leyst sín á milli, er hægt að vísa ágreiningi til sérstakrar þriggja manna nefndar. Skilyrði þess að nefndin taki mál til umfjöllunar er að báðir deiluaðilar verði sammála um að vísa því til hennar til umsagnar.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af hvoru sveitarfélagi og einn fulltrúi tilnefndur af sambandinu. Skólamálafulltrúi sambandsins er starfsmaður nefndarinnar.

Þegar nefndin fær mál til umfjöllunar aflar starfsmaður nefndarinnar nauðsynlegra gagna og kannar afstöðu viðkomandi sveitarfélaga til ágreiningsefnisins þ.á.m. hvort grundvöllur sé til sátta milli þeirra. Lýsi bæði sveitarfélögin því yfir að sættir hafi náðst eða samkomulag sé í augnsýn getur nefndin lokið meðferð máls á þeim grundvelli. Það kemur þó ekki í veg fyrir að sama ágreiningsefni verði lagt fyrir nefndina á ný ef úrlausn þess gengur ekki eftir.

Sé sáttagrundvöllur ekki fyrir hendi gerir nefndin tillögu til úrlausnar ágreiningsefnisins. Tillagan skal rökstudd og sett fram með skýrum hætti. Tillaga nefndarinnar er ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

Um hæfi nefndarmanna fer skv. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

VIÐMIÐUNARGJALDSKRÁ

Stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum þann 27. janúar 2012 nýjar viðmiðunarreglur vegna barna á leikskólum utan lögheimilissveitarfélags.

Meðalkostnaður á landinu við hvert leikskólapláss, m.v. átta tíma vistun með fæði, er lagður til grundvallar gjaldskránni (miðað við 11 mánuði). Sú fjárhæð fæst með því að vinna út frá heildarkostnaði við leikskóla sveitarfélaga eins og hann birtist í Árbók sveitarfélaga ár hvert. Inni í heildarkostnaði er beinn kostnaður við hvern leikskóla og þeir sameiginlegu liðir sem eru innan leikskólasviðs hvers sveitarfélags. Sameiginlegum liðum innan fræðslusviðs er skipt niður í hlutfalli við heildarútgjöld hvers skólastigs. Hlutdeild leikskólans, í sameiginlegum liðum fræðslumála, er svo lögð við heildarkostnaðinn. Inni í þessum tölum eru ekki einkareknir leikskólar.

Þá er heildarkostnaði (beinn kostnaður, sameiginlegir liðir leikskóla, hlutfall af sameiginlegum liðum fræðslusviðs) deilt með heilsdagsígildum í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Upplýsingar um lengd dvalar barna í leikskóla eru fengnar hjá Hagstofu Íslands og á þeim grundvelli eru reiknuð út heilsdagsígildi leikskólabarna. Meðalfjárhæð er miðuð við 8 klst. dvöl á dag með fæði. Fjárhæðin er uppreiknuð miðað við launavísitölu að 2/3 og vísitölu neysluverðs að 1/3.

Inni í þessum útreikningi er kostnaður vegna sérfræðiþjónustu. Greiðslur vegna sérfræðiþjónustu eru hins vegar innheimtar sérstaklega og því dragast 7,53% frá. Það hlutfall er fengið úr gögnum frá Reykjavíkurborg. Þegar kostnaður vegna sérfræðiþjónustu hefur verið dreginn frá stendur eftir meðalkostnaður við átta tíma vistun með fæði.

Til að aldurskipta gjaldskránni er notast við upplýsingar frá Reykjavíkurborg um breytilegan (61,6%) og fastan (38,4%) kostnað og upplýsingar frá Hagstofunni um meðalaldur leikskólabarna.

Gjaldskráin sýnir brúttótölur og frá þeim dragast leikskólagjöld sem sveitarfélög innheimta af foreldrum.

Viðmiðunargjaldskrá sem gildir frá 15. september 2019

Ný viðmiðunargjaldskrá er birt í fyrsta lagi 15. september ár hvert.

	4	5	6	7	8	9	Stuðull
1 árs	204,733	233,601	262,469	291,337	320,206	349,074	2
2 ára	181,638	204,733	227,827	250,922	274,016	297,111	1.6
3 ára	164,317	183,081	201,846	220,610	239,374	258,139	1.3
4 ára	146,996	161,430	175,864	190,298	204,733	219,167	1
5 ára	135,449	146,996	158,543	170,091	181,638	193,185	0.8

Dvalargildi er hugtak sem er notað yfir fjölda dvalarstunda margfaldaðan með barngildisstuðli. Kostnaður við hvert dvalargildi er fundinn út með því að margfalda meðalkostnað að frádreginni sérkennslu fyrir átta tíma með 0,616 sem er hlutfall Reykjavíkurborgar fyrir breytilegan kostnað. Þessari upphæð er svo deilt með 8 sinnum barngildisstuðlinum 1,24, en það er barngildisstuðullinn fyrir 3,2 ára gamalt barn.